



**Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis**

Reykjavík, 26. maí 2020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stuðning við íþróttaiðkun barna vegna COVID-19, 763. mál

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu. Nauðsynlegt er að bregðast við afleiðingum COVID-19 á íþróttastarfið í landinu og eins að sporna við neikvæðum áhrifum COVID-19 á efnahag heimilanna í landinu.

Rannsóknir sýna að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur ótvíræð jákvæð áhrif á andlega og líkamlega líðan barna og ungmenna. Því er afar mikilvægt að vinna með öllum ráðum gegn brottfalli úr íþróttum, ekki síst í þeim aðstæðum sem nú ríkja í landinu og heiminum öllum.

**Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



Reykjavík, 25. maí 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um stuðning við íþróttaiðkun barna vegna COVID-19, 763. mál.

UMFÍ – Ungmennafélag Íslands fagnar öllum þeim aðgerðum sem hvetja til skipulagðrar íþróttaiðkunar og geta stuðlað að og viðhaldið heilbrigðum lífsháttum. Þingmenn sem slíkt gera eiga hrós skilið.

Styrkur til íþróttafélaga í formi gjafabréfs til greiðslu iðkendagjalda í skipulögðu íþróttastarfi er vel til þess fallinn að skila betri árangri bæði fyrir iðkendur og íþróttafélög en með því að færa styrkinn inn í frístundastyrki, sem stór hluti sveitarfélaga notar en fjarri því öll. Við hjá UMFÍ leggjum til að gjafabréfin verði skilyrt íþróttafélögum sem eru skráð í skráningakerfi ÍSÍ og UMFÍ og eru aðilar að íþróttahreyfingunni.


Eins er mikilvægt að gjafabréfið verði skilyrt til notkunar hjá íþróttafélagi sem sinnir skipulögðu íþróttastarfi. Niðurstöður rannsókna síðastliðinna 20 ára sýna fram á gildi skipulags íþróttastarfs fyrir ungt fólk og fram á fullorðinsár. Þetta má sjá í umfangsmiklum rannsóknum Rannsókna og greiningar sem birtar eru í Ánægjuvoginni og lykiltölum í lífi barna í rannsókninni Ungt fólk. Þar kemur skýrt fram að skipulagt íþróttastarf er einn af verndandi þáttum í forvarnarmálum. Auk þess eru tengsl á milli íþróttaiðkunar hjá íþróttafélagi og iðkunar fólks á eigin vegum. Tengsl eru því miður á milli aukinnar vímuefnanotkunar og neikvæðra lífshátta og íþróttaiðkunar á eigin vegum.

Að þessu sögðu fögnum við hjá UMFÍ þingsályktunartillögunni enda er hún til þess fallin að bæta lýðheilsu ungs fólks, bæta forvarnir til framtíðar og tryggja rekstur íþróttafélaga sem sinna skipulögðu íþróttastarfi á erfiðum tímum.

Vinum saman

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Gerum gott starf betra samfélaginu til góða!

Virðingarfyllt,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Framkvæmdastjóri UMFÍ